

# Lög

um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr.  
29/1963, með síðari breytingum.

---

1. gr.

Við lögin baetist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við gildistöku laga þessara starfa hjá Sjálfs-eignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík, og eiga aðild að sjóðnum, skulu eiga rétt til áfram-haldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu frá þeim tíma sem Sjúkrahús Reykjavíkur tekur til starfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. desember 1995.*